

**82** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til brúagjörðar.*  
 24. maí. — Í tilefni af bænarskrá þeirri, sem hingað var send með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 3. þ. m., og þar sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu E. Briem sækir fyrir hönd sýslunefndarinnar um lán úr viðlagasjóði að upphæð 1500 kr., sem ætlað er að verja til brúagjörðar yfir ýmsar ár, er þjóðvegir sýslunnar liggja yfir, einkanlega Hjalta-dalsá og Kolbeinsdalsá, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að hið eptiræskta lán er hjer með veitt með þeim skilyrðum, sem þjer hafið stungið upp á, sem eru að vegabótasjóður Skagafjarðarsýslu greiði vexti af láninu og endurborgi það, að ársvextir sjeu 4 af hundraði, og að lánið endurborgist á samfleyttum 15 árum með 100 kr. á ári, í fyrsta sinni árið 1880.

**83** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubyggingar.*  
 24. maí. — Með þóknanlegu brjefi frá 5. þ. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað beiðni sóknarprestisins að Görðum á Álptanosi, prófasts sira Þórarins Böðvarssonar, þar sem hann fer þess á leit, að fá lán úr viðlagasjóðnum handa prestakalli sínu, allt að 10,000 kr. að upphæð, til þess að byggja nýja kirkju fyrir Gardasókn af höggnum steini í stað hinnar nú verandi hrörlegu timburkirkju. Hafið þjer lagt það til, að hið umbeðna veitist, en þó þannig að upphæð lánsins sje ákveðin 8000 kr., og megi af þeim þegar í stað greiða 5000 kr., en eptirstöðvarnar 3000 kr.; þegar hin nýja kirkja er samkvæmt lögmætri skoðunar- og álitsgjörð orðin fullgjör, og útbúin með öllu því, sem á þarf að halda. Enn fremur hafið þjer stungið upp á, að ársvextir af láninu sjeu 4 af hundraði, og að það verði endurborgað á 40 árum með 200 kr. á ári, eða að vextir og afborgun sje 6 af hundraði á ári af hinnu upprunalegu upphæð lánsins, og yrði þá allt lánið á þenna hátt, þegar ársvextir eru taldir 4 af hundraði, endurborgað á 28 árum.

Fyrir því læt jeg hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að það er hjer með leyft, að sökjanðanum sjeu lánaðar allt að 8000 kr. af viðlagasjóðnum, þannig að vextir og endurborgun lánsins fari fram á 28 árum, í fyrsta sinni árið 1880 með 6 af hundraði af hinnu öndverðu upphæð lánsins, og eru 4 af hundraði ársvextir þeir, sem ber að lúka af hinnu ógreiddu upphæð, en aptur er hitt, sem fram yfir er, afborgun af höfuðstólnum, en að öðru leyti samkvæmt skilyrðum þeim, sem herra landshöfðinginn hefir stungið upp á.

**84** — *Umburðarbrjef biskups til prófasta um uppfræðingu unglunga.*  
 30. maí. Land vort er svo strjálbyggt, að óviðast verða stofnaðir barnaskólar til sveita, og við sjávarsíðuna er efnahag almennings svo varið, að þeir barnaskólar, sem þar eru stofnaðir, verða nærfellt allir að fá opinberan styrk, til þess að geta staðizt. Þess vegna er það meiri erfiðleikum bundið hjá oss, en víðast hvar annarstaðar, að menntun unglunga geti orðið almenn, eða að þeir verði fræddir um það, sem þeir hafa hæfilegleika til að nema. Það, sem næst kristindómsþekkingu og bóklestri, er einna mest áriðandi fyrir hvern mann, er að læra að skrifa og reikna, og sá, sem ekkert kann til þessa, getur ekki kallazt menntaður maður.

Að sönnu er það orðið langt um almennara nú en til forna, að unglingar læri að draga til stafs, og er það víst víða sóknarprestunum að þakka; en þó er hitt allt að einu vist, að þessu er mikið ábótavant, og að margir unglingar, sem þó hafa hæfilegleika

til þess, læra aldrei að skrifa nje reikna, sem opt kemur til af því, að þeir bera það ekki við nógu snemma, en hafa ekki síðar færi á, eða framtak í sjer til að læra það. Að kenna unglingum þetta, er ekki og getur ekki verið beinlínis lagaskylda presta. En eins og það er skylda þeirra yfir höfuð, að koma sem mestu góðu til leiðar í söfnuðum sínum, eins er mjer það líka kunnugt, að nokkrir prestar hafa sjálfkrafa tekið sig fram um að kenna unglingum að skrifa og reikna, og jeg er sannfærður um, að fjölda margir prestar eru svo alúðarfullir og skylduræknir, að þeir einnig í þessu efni munu vera fúsir á að gjöra það, sem þeir geta, og því er það einmitt tilætlan mín með þessu brjefi, að leiða athygli þeirra að þessu mikilvæga máli. Enginn getur ætlazt til þess, að prestar stofni reglulega barnaskóla í sóknum sínum, heldur hins, að þeir hvetji og stuðli til þess, að sem flestir unglingar nemi skript og einfaldan reikning. Í þessu tilliti geta prestar haft mikil áhrif, ekki einungis á foreldra og húsbændur, heldur á börnin sjálf með því að sýna þeim nytsemi og fegurð menntunarinnar, og eins, ef til vill, með því að veita sjálfir unglingunum einhverja tilsoðn í skript og reikningi, og gefst þeim einna bezt færi á þessu við húsvitjanir, kirkjufundi og þegar þeir eru að búa börnin undir ferming. Enn fremur ætti vel við, að geta þess í húsvitjunarbókunum, hver börn sjeu skrifandi og hvað þau kunni í reikningi, því þegar þau vissu af því, mundi það vekja kappgirni þeirra, og jafnframt sýna yður, hvernig þessu er varið á hverjum stað.

Líka væri það vel til fallið, að fá einhvern efnilegan mann, sem hefði nokkra menntun, til að ferðast um á veturna — eins og kvað vera gjört sumstaðar í Norvegi — og vera um tíma á hverjum bæ, eða á betri bæjum í sveitinni, til að kenna börnum að skrifa og reikna o. fl. En af því þetta er bundið kostnaði, mundi því ekki verða framgengt, nema þar, sem efnahagur sveitarinnar er góður og almennur áhugi vaknaður á, að mennta unglinga svo vel, sem kostur er á.

Þetta brjef mitt bið jeg yður, herra prófastur, að birta prestunum í yðar prófastsdæmi, og styðja málið með yðar góðu tillögum.

#### EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 24. dag maímán. var prófastur sira Ásmundur Jónsson riddari af dannebrogen og dannebrogsmáður settur til þess að þjóna fyrst um sinn ásamt Oddaprestakalli Keldna og Stórolfshvols kirkjusóknum í Rangárvallaprófastsdæmi

S. d. var prestur sira Skúli Gíslason settur til að þjóna með Breiðabólstaðarprestakalli Teigs og Eyvindarmúla kirkjusóknum í Rangárvallaprófastsdæmi.

S. d. var prestur sira Sveinbjörn Guðmundsson settur til að þjóna með Holtsprestakalli Stóradalskirkjusókn í Rangárvallaprófastsdæmi.

S. d. var prófastur sira Jón Sigurðsson settur til að þjóna með Kirkjubæjarklaustursbrauði Kálfafellskirkjusókn í Vesturskaptafellsprófastsdæmi.

S. d. var prófastur sira Jón Jónsson settur til að þjóna með Bjarnanessprestakalli Einholts kirkjusókn í Austur-Skaptafells prófastsdæmi.

10. júní var aðstoðarprestur sira Jónas Bjarnarson skipaður prestur í Sauðlauksdals prestakalli í Barðastrandar prófastsdæmi.

#### HEIÐURSVEITINGAR.

Hinn 13. marz veitti hið konunglega danska landbúnaðarfelag bóndanum Oddi Eyjólfssyni á Sámsstöðum í Rangárvallasýslu silfurbikar, sem heiðurslaun fyrir jarðyrkjustörf hans einkum vatnsveitingar.

Hinn 23. dag maímánaðar þóknadist hans hátign konunginum að sœma prestaskólakennara sira Helga Hálfánarson riddarakrossi dannebrogssorðunnar.